



Langa skottið

Einu sinni var köttur.
Það var gamall köttur
Hann var að leita að mat.
Þá kom þar lítil mús.
Músin var svöng.
Hún var fjarska svöng.

Músin var að leita að mat.
Svanga músin sá svanga köttinn.
Hún hljóp burt.
Hún hljóp og hún hljóp.

Svangi kötturinn
sá svöngu músina.
Hann stökk á músina.
Hann náði í skottið.
Hann beit skottið af.

Þá sagði litla músin:
– Góði, góði köttur,
gefðu mér skottið aftur.

- **Að hverju voru kötturinn og músin að leita?**

Þá sagði kötturinn:
– Farðu þá út í fjós,
og fáðu mjólk hjá kúnni.
Þá skalt þú fá skottið.
Músin stökk af stað.
Hún hljóp eins hart og hún gat.
Hún hljóp út í fjós.
Músin sagði við kúna:
– Gefðu mér mjólk.
Ég ætla að gefa ketti hana.
Þá ætlar kötturinn
að gefa mér skottið mitt.

Þá sagði kýrin:
– Farðu þá í hlöðu
og færðu mér töðu.
Þá skalt þú fá mjólk.
Músin stökk af stað.
Hún hljóp eins hart og hún gat. ➤ **Hvað er taða**

Músin sagði við hlöðuna:
– Gefðu mér töðu.
Ég ætla að gefa kúnni hana.
Þá ætlar kýrin
að gefa mér mjólk.
Ég ætla að gefa ketti hana.
Þá ætlar kötturinn
að gefa mér skottið mitt.

Þá sagði hlaðan:
– Farðu út á túnið
og færðu mér gras.
Þá gef ég þér töðu.
Músin stökk af stað.
Hún hljóp eins hart og hún gat.

➤ **Hvað vildi hlaðan fá?**

Músin sagði við túnið:

– Gefðu mér gras.

Ég ætla að gefa hlöðu það.

Hlaðan ætlar að gefa mér töðu.

Ég ætla að gefa kúnni hana.

Kýrin ætlar að gefa mér mjólk.

Ég ætla að gefa ketti hana.

Þá ætlar kötturinn

að gefa mér skottið mitt.

- **Hvað vildi kötturinn fá fyrir skottið af músinni?**

Þá sagði túnið:

– Komdu og taktu það sem þú vilt af grasi.

Litla músin fékk sér gras.

Hún fór með það út í hlöðu.

Hlaðan gaf músinni töðu.

Músin gaf kúnni töðuna.

Kýrin gaf músinni mjólk.

Músin gaf kettinum mjólkina

og kötturinn gaf músinni

skottið hennar aftur.

- **Hvað gaf túnið litlu músinni?**
- **Af hverju gaf kötturinn músinni skottið aftur?**